



Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Einvígi Friðriks Ólafssonar og Bents Larsen árið 1956 var sannkallaður stórviðburður, hátindur í glæsilegri sögu íslenskrar skáklistar á síðara helmingi liðinnar aldar. Friðrik var frumherjinn, aðeins tvítugur að aldri en hafði þegar lagst í landvinninga og unnið frábæra sigra á stórmótum erlendis. Bent var stolt Dana og sterkur persónuleiki hans og sjálfstæði höfðu þegar sett svip á upphaf ferils sem með hverju ári varð glæsilegri.

Öll íslenska þjóðin fylgdist með einvíginu og hélt niðri í sér andanum; andrúmsloftið var lævi blandið og dagskrá útvarpsins rofin með reglubundnum hætti þegar dró til tíðinda á skákborðinu. Og svo grimmt tefldu þessir kurteisu jafnaldrar til sigurs, og raunar jafnan síðar, að einungis örfáum skákum þeirra hefur lyktað með jafntefli.

Sjálfum er mér í fersku minni þegar við strákarnir mættum snemma í Sjómannaskólann til að fá sæti og fylgjast með hinum kyrrlátu átökum andans. Daginn eftir var ekki um annað rætt á göngum Miðbæjarskólans þar sem við vorum í tímum og hugurinn var allur við hvað mundi gerast í næstu skák.

Það er með mikilli ánægju að ég þakka Hróknum fyrir það frábæra framtak að laða snillingana Friðrik og Bent aftur að einvígisborði tæpri hálfri öld síðar og minnst þannig atburðar sem með vissum hætti markar upphaf öflugrar skákbylgju á Íslandi, bylgju sem reis aftur rúmum 15 árum síðar þegar þeir Spassky og Fischer mættust í Laugardalshöllinni. Og það er vel við hæfi að Friðrik og Larsen hefji glímuna að þessu sinni á afmælisdegi Willards Fiske sem átti drjúgan þátt í eflingu íslensks skáklífs við upphaf 20. aldar.

Undanfarin misseri hefur skákfélagið Hrókurinn staðið fyrir einstakri skákvakningu með góðum stuðningi einstaklinga, stofnana og fyrirtækja. Hrókurinn hefur einbeitt starfi sínu að yngstu kynslóðinni jafnframt því sem félagið hefur staðið fyrir glæsilegum alþjóðlegum stórmótum.

Hið heita hugsjónastarf fjölmargra einstaklinga sem unnið hefur verið á vegum Hróksins í skólum landsins, opin skákmót þar sem þátt

taka hundruð ungmenna af báðum kynjum og markvisst uppeldisstarf í skákskóla hafa dregið fjölmenna sveit frá leikjaskjám að skákborði, kveikt brennandi áhuga í huga æskufólks og kynnt þeim gleðigjafa og dægrastyttingu sem dugað getur ævina á enda. Þetta starf hefur líka laðað fram á sjónarsviðið einstaklinga sem líklegir eru til afreka í framtíðinni.

Fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þakka ég Hróknum frumkvæðið og óska félaginu og íslenskri skákhreyfingu velfarnaðar í framtíðinni.